

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðalax Fossfjörður í Arnarfirði



Dags eftirlits	20.6.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fjarðalax	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarhúsinu, Tálknafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	641109-1770	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Örn Pálsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær athugasemdir voru gerðar hvað varðar skil á ársyfirliti og yfirtöku starfsleyfis Þóroddar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir síðasta eftirlit. Bætt hefur verið úr þeim frávikum sem þar komu fram og öllum áætlunum skilað inn til stofnunarinnar.

Keyrt var í Fossfjörð og litið yfir kvíastæðið. Ein kví er á svæðinu og lítil starfsemi. Reiknað er með að setja út fleiri kvíar í firðinum næsta vor en verið er að vinna að umsókn um stækkun á því svæði. Engin merki um mengun frá starfsemi mátti sjá í fjörunni né á sjávarfletinum í kringum kvína.

Fyrirhugað er að sameina leyfi Fjarðarlax og Þóroddar þar sem framleiðsan í dag er öll í nafni Fjarðarlax. Bent er á gr. 1.1 í starfsleyfi í því samhengi.

Rætt var um BAP umhverfisstjórnunarkerfi sem fyrirhugað var að taka til notkunar en það frestaðist sökum þess að nýjrir eigendur hafa tekið við fyrirtækinu og breytingar hafa allar verið settar á bið á meðan verið er að koma málum í fastar skorður. Reiknað er með að haldið verði áfram með innleiðingu þessa kerfis á komandi misserum.

ATHUGASEMDIR

Skv. gr. 3.2 í starfsleyfi ber að skila ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert. Gefinn er frestur til 1. september 2013 til að skila inn ársyfirliti ársins 2012.

Rekstraraðili hefur í raun yfirtekið starfsemi Þóroddar ehf. en ekki er búið að sækja um yfirtöku leyfis skv. gr. 1.1 í starfsleyfi. Bent er á að það þurfi að gera sem allra fyrst.

ANNAÐ

Keypt hefur verið stór og öflug þvottvél fyrir kvíarnar og eru afköst hennar mun meiri en gömlu þvottavélarinnar. Áreyti á fiskinn er því mun minna en ella.

Reykjavík, 28.06.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.